

**18. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
18. ágúst 2015 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðipjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1508159 - Upplýsingatækni-kennsluráðgjöf**

Hjálmur Dór Hjálmsson kennari óskaði eftir að fá að koma á fund skóla- og frístundaráðs og kynna hugmyndir sínar um upplýsingatækni í grunnskólum.

*Á fundinn mættu kl. 16:30 Gunnar Gíslason ráðgjafi hjá skóla- og frístundasviði, Elís Þór Sigurðsson áheyrnarfulltrúi starfsmanna grunnskóla, Hrönn Ríkharðsdóttir skólastjóri Grundaskóla og Magnús V. Benediktsson aðstoðarskólastjóri Brekkubæjarskóla áheyrnarfulltrúar skólastjórnenda í grunnskólum og Hjálmur Dór Hjálmsson kennari.*

*Hjálmur Dór kynnti hugmyndir sínar um kennsluráðgjöf í upplýsingatækni í grunnskólum. Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir kynninguna og mun taka málið til skoðunar.*

*Hjálmur Dór vék af fundi kl.*

**2. 1502210 - Fjárhagsáætlun 2016**

Tíma- og verkáætlun vegna vinnu við fjárhagsáætlun 2016 liggur fyrir. Forstöðumenn hafa verið að taka saman upplýsingum er snúa meðal annars að magntölum, nauðsynleg viðhaldsverkefni, endurnýjun á stofnbúnaði og upplýsingar um breytingar sem geta haft áhrif á starfsemina til lengri eða skemmri tíma.

*Á fundinn mættu kl. 17:18 Ingunn Ríkharðsdóttir leikskólastjóri í Garðaseli, Anney Ágústsdóttir leikskólastjóri í Akraseli, Margrét Þóra Jónsdóttir leikskólastjóri í Teigaseli og Brynhildur Björg Jónsdóttir leikskólastjóri í Vallarseli og Guðríður Sigurjónsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsmanna í leikskólum.*

*Farið var yfir þær magntölur sem liggja fyrir hjá deildum og stofnunum á skóla- og frístundasviði.*

**3. 1505022 - Rekstrarstaða Akraneskaupstaðar 2015**

Við gerð sex mánaða uppgjors (01.01.-30.06.2015) hafa verið skoðaðar niðurstöður einstakra deilda og málaflokka. Við þá skoðun hefur komið í ljós að nokkrar deildir/málaflokkar sem heyra undir skóla- og frístundasvið eru með meira en 3% frávik til hækkunar frá áætlun þessa tímabils og meira en 50% af ársáætlun 2015. Fjármálastjóri hefur óskað eftir skýringum vegna þessara frávika

og hvernig brugðist verður við þeim.

*Svala Hreinsdóttir deildarstjóri fór yfir þær skýringar sem lágu fyrir vegna þessara frávika.*

*Magnús, Hrönn og Elís þór viku af fundi kl. 17:38.*

*Ingunn, Anney, Margrét Þóra, Brynhildur Björg Jónsdóttir og Guðríður viku af fundi kl. 17:58.*

*Á fundinn mættu Heiðrún Janusardóttir verkefnisstjóri og Lárus Sighvatsson skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi.*

*Heiðrún vék af fundi kl. 18:17.*

*Lárus vék af fundi kl 18:45.*

*Ásthildur vék af fundi kl. 19:34.*

#### **4. 1404016 - Skátaskálinn Skorradal - endurnýjun á samningi**

Stjórn skálanefnd skátaskálans í Skorradal óskaði eftir viðræðum við bæjarráð um endurnýjun á samningi Akraneskaupstaðar og Skátafélags Akraness um rekstur og uppbyggingu Skátafells í Skorradal frá maí 2002. Erindinu var vísað til skóla- og frístundaráðs en fulltrúar Akraneskaupstaðar hafa fundað með fulltrúum Skátafélagsins og leggja fram drög að samningi.

*Farið var yfir drög að samningi Akraneskaupstaðar við Skátafélags Akraness um rekstur og uppbyggingu Skátafélagsins í Skorradal. Málinu verður frestað til næsta fundar skóla- og frístundaráðs.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:55.**

*Sigríður Indriðadóttir  
Rannsóarsdóttir  
Korþórun H. Sveinsson  
Sigrún I. Guðnadóttir  
James Gish  
Svala Hreinsdóttir*